



RÁÐHERRANEFNDARTILLAGA

Norræna ráðherranefndin

Til
Norðurlandaráðs

Afrit

Frá
Norrænu ráðherranefndinni

Efni
Ráðherranefndartillaga um Norræna meistaranámsáætlun

Ved Stranden 18
DK-1061 København K

Sími: +45 3396 0200
Bréfasími: +45 3396 0202
www.norden.org

1. september 2016
15-00492-13

Ráðherranefndartillaga um Norræna meistaranámsáætlun 2017–2021

Tillaga ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) til Norðurlandaráðs gengur út á að framlengja rammaáætlunina um norrænt meistaranám til tímabilsins 2017–2021 með fjárveitingu fyrir að minnsta kosti þrjár nýjar námsleiðir árlega.

Markmiðið með Norrænu meistaranámsáætluninni er að:

1. Alþjóðavæða æðri menntun með því að leiða saman nemendur frá Norðurlöndum og öðrum löndum, innan Evrópu sem utan.
2. Þróa og greiða fyrir samstarfi háskóla á Norðurlöndum með því að greina hindranir kerfisbundið og leysa viðfangsefni í tengslum við skipulag sameiginlegra námsleiða.
3. Þjóða upp á meistaranámsleiðir sem byggja á öndvegisrannsóknnum og gæðum.
4. Þjóða upp á nám sem grundvallast á rannsóknnum og býr nemendur undir farsælan feril í vísindum og á vinnumarkaði.
5. Þróa samstarf milli æðri menntastofnana annars vegar og norræns iðnaðar og vinnumarkaðar hins vegar.
6. Ná góðum og mælanlegum árangri hvað snertir færni og þekkingu nemenda, þar með talda sérnorræna færni og þekkingu.
7. Aðstoða nemendur og aðra sem koma að áætluninni við að mynda gagnleg tengslanet.

Hvernig er norrænu meistaranámi komið á fót?

Að minnsta kosti þrjár norrænir háskólar geta myndað samstarfsnet og sett á laggirnar norræna meistaranámsleið. Einn háskóli þarf að taka að sér umsjón með hverri námsleið og að minnsta kosti tveir aðrir þurfa að vera samstarfsaðilar hans. Háskólarnir þurfa að vera frá mismunandi löndum eða sjálfstjórnarsvæðum.

Hver námsleið samanstendur af 120 ECTS-einingum og þar af skulu að minnsta kosti 30 einingar vera í boði í hverjum háskóla. Einnig skal hver

nemandi taka minnst 30 einingar námsins í skiptinámi við annan skóla innan áætlunarinnar. Þá er hvatt til þess að samstarfsnetin nýti sér fjölbreyttar kennsluaðferðir og netkennslu.

Senda skal umsóknir um styrki til að stofna námsleiðir í meistaranámi til *Center för internationell mobilitet* (CIMO) í Finnlandi. Auglýst verður eftir umsóknum til að stofna nýjar meistaranámsleiðir á slóðinni nordicmaster.org.

Forsaga

Norræn meistaranámsáætlun var upphaflega á meðal hnattvæðingarverkefna norrænu forsætisráðherranna, sem hleypt var af stokkunum 2007. Forsætisráðherrarnir kölluðu þá eftir aukinni þekkingu, sýnileika og velmegun á Norðurlöndum.

Auglýst hefur verið eftir umsóknum sex sinnum: 2007, 2009, 2010, 2012, 2013 og 2015. Umsóknartímabili ársins 2016 lýkur á haustdögum. Fram að þessu hafa 27 námsleiðir hlotið fjármögnun, um 200 nemendur hafa lokið námi og nokkur hundruð stunda nám eins og er. Norræn meistaranámsáætlun hefur verið vel heppnuð – og langvinn – tilraun, sem Norræna ráðherranefndin vill nú tryggja sess til frambúðar með fyrsta opinbera starfstímabilinu, 2017–2021. Ramminn fyrir áætlunina er tiltekinn í áætlunarskjalinu, fylgiskjali 1. Norræna meistaranámsáætlunin er eitt besta dæmið um skipulagt samstarf norrænna háskóla, sem felst í samvinnu, verkaskiptingu og því að sameina kraftana.

Tvær úttektir hafa verið gerðar á norrænu meistaranámi: *Evaluering af Nordic Master Programme*. Oxford Research, 2010, og *Nordic Master – frá pilotprojekt till ett nordiskt varumärke*, 2012. Úttektin frá árinu 2012 innihélt einnig nemendakönnun, sem samanstóð af netkönnun og viðtölum. Í báðum úttektum voru lagðar fram tillögur um þróun áætlunarinnar, flestar með aukin gæði að markmiði. Í stuttu máli má segja að gæði námsins hafi hlotið góðar umsagnir, en að stjórnáætlun- og lagahliðin hafi ekki þótt eins vel heppnuð. Verkerfi sem ætlað er að styðja nemendurna og laða að nýja nemendur hlutu einnig gagnrýni. Skortur á fjármögnun til lengri tíma hefur staðið norrænu meistaranámsáætluninni fyrir þrífum, en fjármagn hefur hingað til verið sótt á hina ýmsu staði fyrir hvert umsóknartímabil. Þetta hefur hamlað uppbyggingu fullnægjandi innviða fyrir áætlunina, svo og uppbyggingu kerfis til að sinna stuðningi og eftirfylgni.

Ef byggja á upp sameiginlegar námsleiðir með sameiginlegum prófskírteinum verða allir hlutaðeigandi að leggja sitt af mörkum: stjórn áætlunarinnar, starfsfólk á stjórnáætlunarsviði, starfsfólk á sviði kennslu og nemendur háskólanna. Ýmsar stjórnáætlun- og lagalegar hindranir hafa verið greindar og leyst úr þeim meðan á tilrauninni hefur staðið. Stærsta úrlausnarefnið sem eftir stendur er það að mismunandi reglur gilda í löndunum um skólagjöld fyrir nemendur sem koma frá löndum utan Evrópu. Embættismannanefndin um menntamál skipaði sérfræðingahóp sem fór yfir helstu hindranir í samstarfinu. Skýrslu hópsins „Joint Degrees and the Nordic Countries“, er hægt að skoða hér:

http://www.cimo.fi/instancedata/prime_product_julkaisu/cimo/embeds/cimo_wwwstructure/55725_NM_2015_Joint_Degrees_and_the_Nordic_Countries_Nordic_Master_Programme_Leg.pdf

Áætlunin „Nordplus æðri menntun“ veitir einnig styrki til að stuðla að hreyfanleika og þróun á sviði menntamála fyrir háskóla. Nordplus er samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, en norræna meistaranámsáætlunin veitir aðeins styrki til norrænna samstarfsneta. Það

var meðvituð ákvörðun; vegna stjórnslu- og lagalegra áskorana er auðveldara að hefja starf að sameiginlegri námsleið með aðkomu færri landa.

Inntökuskilyrði og umgjörð hafa verið breytileg eftir umsóknartímabilum, og hefur það gefið færi á því að gera skapandi tilraunir og safna reynslu. Því hafa einnig fylgt áskoranir þegar kemur að því að tryggja gæði áætlunarinnar. Þess er vænst að fyrsta fimm ára tímabil norrænu meistaranámsáætlunarinnar muni auka gæði hennar.

Staða norrænu meistaranámsáætlunarinnar í dag

Fram að þessu hefur verið hægt að sækja um styrki úr áætluninni fyrir námsleiðir á öllum sviðum háskóla. Árið 2015 gerðist það í fyrsta sinn að tvær námsleiðanna höfðu fyrirfram ákveðin þemu: önnur fjallaði um **velferð** en hin um **grænan hagvöxt**. Þær 27 námsleiðir sem hingað til hafa hlotið fjármögnun hafa fjallað um ýmis málefni. Í fylgiskjali 2 eru taldar upp allar þær norrænu meistaranámsleiðir sem hlotið hafa fjármögnun. Þrjár þeirra komust aldrei svo langt að taka inn nemendur, ýmist vegna stjórnslu- og lagalegra vandkvæða eða vegna þess að einhverjir háskólar drógu sig út úr samstarfinu. Umsjónaraðili verkefnisins vinnur að því að lágmarka hættuna á að slíkt endurtaki sig. Um þriðjungur námsleiðanna er á sviði tæknigreina. Nordic FiveTech, stóru tækniháskólarnir á Norðurlöndum, hafa tekið virkan þátt og skipulagt samstarf sitt um sameiginlegar námsleiðir.

Spurningalistar og viðtöl sýna að nemendur í norrænu meistaranámi eru afar ánægðir með áætlunina. Í nemendakönnun frá 2012 sögðust 93% mundu mæla með áætluninni við aðra. Sérstaklega kunna nemendurnir að meta þann hreyfanleika sem áætlunin býður upp á, en heil 70% segja hann hafa haft mikið aðdráttarafl.

Áætlunin hefur laðað að bæði norræna og alþjóðlega nemendur. Um 40% nemendanna koma frá Norðurlöndum, 20% frá öðrum Evrópulöndum og 40% frá löndum utan Evrópu.

Fjármögnun áætlunarinnar

Ráðherranefndin um menntamál (MR-U) hefur tekið ákvörðun um tímabil áætlunarinnar 2017–2021. Ráðherranefndin mun fjármagna að minnsta kosti þrjár námsleiðir á ári hverju, sem þurfa ekki að hafa neitt tiltekið áherslusvið. Einnig hljóta ein eða fleiri námsleiðir með ákveðin áherslusvið fjármögnun árlega, en hún getur komið frá öðrum aðilum en menntamálaráðherrunum. Fjárveiting menntamálaráðherranna nemur a.m.k. 5,4 m.da.kr. árlega.

Norræna fjárveitingin verður notuð til að fjármagna skipulagningu og þróun áætlunarinnar, auk skiptiáætlana fyrir nemendur og kennara. Öll kennsla verður kostuð með fjármagni til æðri menntunar í hverju landi. Heildarkostnaður við allar námsleiðir er því mun hærri en sem nemur norrænu fjárveitingunni, en hún er 1,8 m da.kr. fyrir hverja áætlun (1,5 m.da.kr. + 300 þúsund da.kr. í stjórnslukostnað). Fjármögnun hefur verið hægt að nýta yfir fimm ára tímabil, en á þeim tíma hefur verið unnið að skipulagningu og þróun áætlunarinnar og meistaranámsleiðar með að minnsta kosti þremur inntökutímabilum í allt. Til stendur að stytta undirbúningstímamann og stytta þar með heildartímabil verkefnisins í fjögur ár.